

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Arctic Smolt	17. nóvember 2020	Botni, Tálknafirði	3 gjaldflokkur
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
700807-0450	10.01.2035	nei	Seiðaeldi (lax og regnbogasilungur)

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			385 tonna framleiðsla árið 2019 og 450 tonna framleiðsla 2020.  Lífmassi í stöðinni er að meðaltali í kringum 50 tonn en hefur mest farið upp undir 250 -300 tonn. Eru vel undir 1000 tonnum. Geta ekki farið upp í fulla framleiðslu miðað við heimild starfsleyfis nema með talsverðum breytingum.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Nýtt starfsleyfi var gefið út 10. janúar 2019 en tók gildi samhliða rekstrarleyfi í febrúar sama ár.  Engar fyrirhugaðar breytingar og engar breytingar frá síðasta eftirliti.  Unnið er að úrbótum við að lengja frárennislögn í samræmi við samþykka úrbótaáætlun.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Framleiðslumagn og afföll eru skráð í FishTalk og tekið saman í vikuskýrslur sem kynntar eru lykilstarfsmönnum. Skráningar á fóðurnýtingu og fóðurgerð til staðar. Daglegar mælingar gerðar á vatni sem er endurnýtt í stöðinni upp að 90-95%. Engar kvartanir hafa borist frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp eða bilanir á mengunarvarnabúnaði. Skráningar á þjálfun starfsfólks eru til staðar og nýta þjónustu Ogor Blue. Starfsmenn kvitta fyrir að hafa lesið gæðaskjöl. Mælingar í frárennsli voru sendar með grænu bókhaldi og ársskýrslu. Engin olúgildra til staðar á starfssvæðinu en daglegt eftirlit er með tromlusíum og hreinsibúnaði

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				fyrir vatnið sem er endurnýtt. Innkaup á lyfjum og hreinsiefnum eru skráð og tilgreint í grænu bókhaldi/árskýrslu. Yfirlitsteikning af frárennsli var send eftirlitsaðila í kjölfar eftirlitsins.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	x			Sent með útstreymisbókhaldi ofl. þann 21. apríl sl.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	x			Grænu bókhaldi skilað 30. apríl sl. og útstreymisbókhaldi skilað 21. apríl sl.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			Til staðar og uppfærðar
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			Uppfært tryggingaskírteini sent í kjölfar eftirlits.
Er neyðaráætlun til staðar?	x			uppfærð 2019

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Eru með skráningar í FishTalk og EQS kerfi og eru með AEC vottun. Umhverfismarkmið voru send Umhverfisstofnun í 21. apríl 2020.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Tölvustýring á fóðrun.
Er skráning á losun fósíórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?		x		Losun á fosfór og köfnunarefni koma fram í útstreymisbókhaldi.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

<p>Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?</p>			<p>Miðað við upplýsingar í útstreymisbókhaldsins er losun fosfórs 1353,55 kg/ári árið 2019 sem reiknast sem 3,5 kg/framleitt tonn.</p> <p>Mælingar gerðar á COD, Kopar, koldíoxíði, nitríti, nitrati, water hardness, sulfíði, sulfati, TAN, járn (II og III), fosfati, kalíni, calcicol, kalki, alkalinity og sinki, í desember 2019. Einingar koma ekki fram í niðurstöðum né dags. sýnatöku.</p> <p>Mælingar gerðar í frárennsli H1 og H3 þann 4. apríl sl. Mældur styrkur köfnunarefnis, fosfór, COD og svifögnum.</p> <p>Niðurstöðum þessara mælinga var skilað með ársskýrslu í apríl 2020.</p> <p>Útreikningar á losun gerð fyrir útstreymisbókhald sem var skilað 21. apríl sl.</p>
<p>Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?</p>	x		<p>Tært og ekki tilefni til athugasemda.</p>
<p>Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.</p>		x	<p>Tromlusíur og þaðan í sameiginlegan settank áður en því er veitt út í sjó. Unnið er að lengingu frárennslislagnar svo hún nái nægileg niður fyrir meðalstórstreymisfjöru.</p> <p>Skv. starfsleyfinu á átti að hreinsa upp úr settjörnum á a.m.k. þriggja ára fresti og átti fyrsta hreinsunin að fara fram fyrir 15. maí 2020. Umhverfisstofnun óskar eftir staðfestingu á að hreinsunin hafi farið fram eða áætlun um hvenær hún muni fara fram.</p>
<p>Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).</p>			<p>Frárennsli að mestu endurnýtt, en yfirfall fer annars vegar í gegnum settjörn (frá H3) og hins vegar beint út í fjöru (frá H1).</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				Frárennsli tært og ekki tilefni til athugasemda.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Ekki fastskráð en reglulegt. Árleg hreinsun á plasti í fjörum.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Terra sér um flutning á almennum úrgangi. Fóðurleifar og dauðfiskur sóttur 2x í viku. Fer í minnkafóðurgerð hjá Klofningi. Móttökukvittanir til staðar.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		x		Vantar að setja áætlun um vöktun á sjávarbotni sbr. ákvæði starfsleyfisins og vistfræðileg áhrif og dreifingu mengunar. Í vöktunaráætlun er fjallað er um að slík vöktun verði með myndatökum en myndir þess efnis hafa ekki verið sendar stofnunni.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		x		Vöktunarskýrslu hefur ekki verið skilað nema niðurstöðum frárennismælinga sbr. umfjöllun ofar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	x			Sýni voru tekin úr frárennsli í nóv, des 2019 og jan 2020 og greind á rannsóknarstofu Arctic Smolt í Norðurbotni. sýnin voru efnagreind m.t.t. COD, kopars, koldíoxíðs, nítríts, nítrats, water hardness, súlfíðs, súlfats, TAN, járn (II og III), fosfats, kalíns, calcicol, kalks, alkalinity og sinks. Niðurstöður mælinganna voru send eftirlitsaðila í kjölfar eftirlitsins
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Eru að taka sýni nokkrum sinnum á ári sjálf og efnagreina á rannsóknarstofu Arctic Smolt í Norðurbotni. Sýni í apríl 2019 voru send í greiningu hjá Sýni hf.

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Smolt Botni, Tálknafirði



<b>Dags eftirlits</b>	17.11.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Arctic Smolt	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Aðalstræti 20	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	700807-0450	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinunn G. Einarsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurvin Hreiðarsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Reglubundið eftirlit í Arctic Smolt fór annars vegar fram á fjarfundi þann 17. nóvember og hins vegar með skoðunarferð sérfræðings Umhverfisstofnunar um lóð fyrirtækisins sama dag.

Úrbætur fráviks sem kom upp í síðasta eftirliti varðandi ófullnægjandi hreinsun frárennslis voru staðfestar í eftirlitinu en unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun varðandi lengingu frárennslislagnar.

Tveimur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu en engin frávik frá starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti.
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Útreikningar á losun í frárennslis í fiskeldi.

Einnig var eftirlitið framkvæmt skv. meðfylgjandi gátlista.

Síðasta eftirlit fór fram þann. 19. júní 2019 og voru þá skráð tvö frávik frá starfsleyfi. Úrbótaáætlun vegna þessara fráviks var samþykkt með bréfi dags. 1. nóvember 2019.

Annað frávik snýr að ófullnægjandi hreinsun frárennslisvatns þar sem að sýnileg froða sást við útrás. Unnið hefur verið að stillingum á hreinsibúnaði til að tryggja að hreinsunin sé nægjanleg og daglegt eftirlit er með gæðum vatns í kerfinu. Úrbæturnar teljast fullnægjandi. Hitt frávik varð lengd og dýpt frárennslislagnar miðað við meðalstórstraumsfjöru. Byggingarleyfi liggur fyrir og unnið er að því að gera samning við vertaka um að annast framkvæmdina. Áætlað er að framkvæmdirnar hefjist næsta vor. Umhverfisstofnun hefur samþykkt frest til úrbóta til september 2021 en mun áfram fylgjast með framvindu úrbótanna.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni reglubundinna vettvangsheimsóknna. Samkvæmt áhættumatinu sem lagt var til grundvallar eftirlitinu í ár, fellur starfsemi Arctic Smolt í áhættuflokk B og hlýtur þar með árlegar vettvangsheimsóknir. Niðurstöður eftirlitsársins í ár verða nýttar til endurmats á áhættuflokkun fyrirtækisins sem verður svo lagt til grundvallar fyrir eftirlitsáætlun 2021.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti er varðar skráningu neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeyma. Einn færanlegur olútankur er á lóð Arctic Smolt sem er þjónustaður af N1. Fyrirhugað er að koma fyrir föstum tanki og var minnt á að huga vel að árekstrar og lekavörnum í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 884/2017 er varðar varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Í samvinnu með Matvælastofnun hafa verklagsreglur um förgun sóttmengaðs úrgangs verið endurskoðaðar í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneðis. Drög að verklagsreglunum voru send rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi út frá fóðurgjöf og framleiðslumagni. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun næringarefna frá starfsstöðinni.

Í skoðunarferðinni var snýrtilegt um að lífast og ekki tilefni til athugasemda.

## ÁBENDINGAR

Í vöktunaráætlun er ekki fjallað um vöktun sjávarbotns í samræmi við ákvæði greinar 5.1 í starfsleyfi. Óskað er eftir að rekstraraðili uppfæri áætlunina m.t.t. og sendi Umhverfisstofnun til samþykktar.

Einingar og dagsetningar sýnatöku er ekki tilgreindar í frárennismælingum sem framkvæmdar voru af rannsóknarstofu Arctic Smolt í nóvember og desember 2019 og janúar 2020.

#### **ANNAÐ**

Starfsemin starfar samkvæmt starfsleyfi sem var gefið út 10. janúar 2019 en tók gildi í febrúar sama ár samhliða rekstrarleyfi.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2021

  
Halla Einarsdóttir